

Hr. sveitarstjóri

Kristófer A. Tómasson

Efni: Sumarbústaðalóðir í landi Miðhúsa II.

Eigendur jarðarinnar Miðhús II, sex börn Marvins Frímanssonar og Ingibjargar Helgadóttur frá Miðhúsum, hafa ákveðið að hverri fjölskyldu skuli standa til boða að byggja eitt sumarhús á landi jarðarinnar. Lauslega hafa verið mældar út sex 0,25 hektara lóðir í þessu skini og dregið um þær innbyrðis. Ekki er fyrirhugað að leyfa fleiri slíkar byggingar á landinu, en þar eru fyrir sem kunnugt er tveir sumarbústaðir sem þrjár fjölskyldur eiga saman hvorn um sig.

Hinar nýju lóðir eru fyrirhugaðar í bogadreginni línu efst í hinu stóra túni sem nær frá Þjóðvegi, vestur að landamerkjum við Stöðulfell og afmarkast til austur af lækjargilinu frá Torfdal. Er það okkar mat að þannig myndu hinir nýju bústaðir fara vel í landinu og mynda snyrtilega heild. Tekið skal fram að ekki liggur fyrir hvort eða þá hvenær allar lóðirnar yrðu nýttar til byggingar, en áhugi er hjá einni til tveimur fjölskyldum að hefjast fljótlega handa

Meðfylgjandi er teikning sem sýnir grófa afmörkun og staðsetningu lóðanna.

Með bréfi þessu viljum við kynna sveitarstjórn þessi áform og kalla fram afstöðu til þess hvort vænta megi samþykkis af hálfu hennar. Í kjölfarið yrði svo hafist handa um alla nauðsynlega vinnu í þágu skipulagsgerðar o.s.frv.

Sé þörf frekari upplýsinga mun fjölskyldan að sjálfsögðu góðfúslega veita þær og væntum við góðs samstarfs um málið.

F.h. eigenda

Bergný Marvinsdóttir

Bergný Marvinsdóttir
041256 3979



25,000 sq ft

25,000 sq ft

26,200 sq ft

27,400 sq ft

25,000 sq ft

25,000 sq ft

101st St